

Reykhólum 31. október 2022

Til fjárlaganefndar Alþingis.

Þörungamiðstöð Íslands hf., (eða ÞMÍ kt. 560222 2620) var stofnuð í febrúar á þessu ári. Hún er lögskráð að Maríutröð á Reykhólum. Að félaginu standa Reykhólahreppur og Þörungaverksmiðjan hf. og hafa bæði lagt henni til stofnfé, samtals 6 milljónir króna. Hér er farið fram á framlög frá ríkissjóði til að skjóta traustari stoðum undir rekstur hennar fyrstu árin. Þetta er öflug nýjung í vaxandi geira til að styrkja samfélag með langa reynslu af þang- og þaraöflun og vinnslu með jarðvarma á staðnum.

Þörungamiðstöð Íslands eru sett háleit markmið um rannsóknir og fræðslu um þang og þara og nýtingu þörunga við Ísland. Aflað verður þekkingar í gagnabanka með rannsóknum og ræktun og úrvinnslu þeirra í samræmi við vaxandi áhuga og eftirspurn. Stefnt er að námskeiðahaldi á heimsmælikvarða og miðlun þekkingar í samstarfi við rannsóknastofnanir, háskóla og samfélagið á svæðinu, frumkvöðla í greininni og iðnaðinn. Þörungamiðstöðin mun taka á mótí nemendum, ungum sem öldnum, einstaklingum og hópum, innlendum sem erlendum. Þarna verður rannsóknaraðstaða og þjónusta við vísindamenn og frumkvöðla sem og líffræðilegar rannsóknir og vöktun á lífríki

Þörungamiðstöðin verður þungamiðja í grænum iðngörðum en rausnarlegur styrkur fékkst frá Byggingastofnun (C1) til að ganga í undirbúning þeirra. Meðal annars er stefnt að fullnýtingu á affalsvatni frá Þörungaverksmiðjunni í starfseminni.

Til að standa undir launakostnaði er gert ráð fyrir að á fyrstu árum rekstrar þurfi ÞMÍ stuðning og með þessum línnum er óskað eftir framlagi frá Íslenska ríkinu; 15 milljón kr á ári. Miðstöðin á að standa undir húsnæðisrekstri og tækjakaupum með því að afla tekna með styrkjum úr íslenskum og erlendum samkeppnisjóðum. Hún mun einnig fá tekjur fyrir aðstöðu og tækjaleigu og af þjónustu við fyrirtæki og stofnanir (sjá töflu aftar).

Þörungarverksmiðjan er öflugt fyrirmyndarfyrirtæki með 50 ára sögu í nýtingu þangs og þara úr Breiðafirði. Verksmiðjan getur boðið fram báta, „veiðarfæri“, vinnuaðstöðu, allan hlífðar- og öryggisbúnað og miðlað af staðbundinni þekkingu og reynslu. Verksmiðjuna vantar sérfræðiþjónustu sem sækja mætti til ÞMÍ. Reykhólahreppur, sem er 250 manna sveitarfélag, myndi eflast við frekari verðmætasköpun og fleiri atvinnutækifæri. Enginn vafi leikur á að vaxandi áhugi er á Íslandi á nýtingu þangs og þara.

Þörungamiðstöðin fékk Lóu-styrk til stefnumótunar með Hólmfríði Sveinsdóttur rektors Hólaskóla í fararbroddi. Lykilstofnanir í rannsóknum hafa þegar skrifað undir samstarfssamninga við ÞMÍ (Háskóli Íslands, Hafrannsóknastofnun og Mátís). Fleiri óska eftir samstarfi og hefur stofnun Þörungamiðstöðvarinnar verið fagnað meðal frumkvöðla og fyrirtækja auk erlendra aðila.

Þörungaverksmiðjan getur séð af um tug milljóna króna til að sinna nýsköpun innan Eurostar-áætlunar sem verksmiðjan fékk styrk til á haustmánuðum 2022 frá Evrópusambandinu. Það er vilji Þörungaverksmiðjunnar að beina slíkum verkefnum til ÞMÍ sem undirverktaka. Þá sér verksmiðjan fyrir sér ýmis önnur verkefni og þjónustu sem Þörungamiðstöðin getur sinnt.

Almennt skortir þekkingu á þörungum á Íslandi. Engin námskeið á háskólastigi hafa verið haldin frá árinu 1982. Grunnrannsóknir á sjávarþörungum eru teljandi á fingrum handa og varasamt er að auka við nýttjar sjávargróður á svo veikum grunni. Í samstarfi við Háskólann á Hólum er unnið að viljayfirlýsingu og áætlun um möguleika á kennslu um þang og þara. Þörfin er mikil og um leið eru tækifærin mörg fyrir Þörungamiðstöðina og fyrir hið opinbera að standa að aukinni þekkingu og frekari nýtingu á auðlind sem sífellt meiri áhugi er á að nýta.

FA 15E

Starfsemin sem verið er að móta á Reykhólum tengist líka beint aukinni áherslu stjórnvalda á sjálfbærri nýtingu, innlendri matvælavinnslu, nýsköpun og rannsóknastarfsemi á landsbyggðinni sem og öflugri vistkerfisrannsóknum í hafinu. Nú eru tækifæri til að byggja upp starfsemi Þörungamiðstöðvarinnar á vaxandi innlendum og alþjóðlegum áhuga á náttúruauðlind sem miklar væntingar eru bundnar við til að auka holla matvælaframleiðslu.

Eftirspurn eftir þörungaaufurðum hefur vaxið að undanförunu og margir hyggja á þörungaræktun og -vinnslu. Grunnstoðir vantar tilfinnanlega fyrir geirann hér á landi á meðan stefnt er á miklu meiri hagnýtingu. Í þessu felast tækifæri og þörfin fyrir Þörungamiðstöð Íslands er ærin.

Gróf rekstraráætlun Þörungamiðstöðvar Íslands lítur svona út:

| Rekstraráætlun Þörungamiðstöðvar Íslands |                       |                        |                     |               |               |               |               |               |                |               |
|--|-----------------------|------------------------|---------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|----------------|---------------|
| Hér er miðað við fyrstu 5 ár í rekstri   |                       |                        |                     |               |               |               |               |               |                |               |
| Tölur eru í þúsundum króna               |                       | 1. ár                  | 2. ár               | 2023          | 2024          | 2025          | 2026          | 2027          | Samtals á 5    | Árlegt        |
| rekstrarþættir                           | skýringar             | á mánuði<br>eitt starf | á mánuði<br>2 störf |               |               |               |               |               | árum           | meðaltal      |
| <b>Gjöld</b>                             |                       |                        |                     |               |               |               |               |               |                |               |
| laun og lt gjöld,                        | á mánuði              | 1.500                  | 3.000               | 18.000        | 36.000        | 36.000        | 36.000        | 36.000        | 162.000        | 32.400        |
| aðstaða, sími, net                       | á mánuði              | 50                     | 100                 | 600           | 1.200         | 1.200         | 1.200         | 1.200         | 5.400          | 1.080         |
| leiga atv. húsnæðis                      | á mánuði              | 200                    | 200                 | 2.400         | 2.400         | 2.400         | 2.400         | 2.400         | 12.000         | 2.400         |
| ferðakostnaður                           | ein ferð á mánuði     | 100                    | 150                 | 1.200         | 1.800         | 1.800         | 1.800         | 1.800         | 8.400          | 1.680         |
| ferðir erlendis                          | 1 - 2 ferðir á ári    | 1.000                  | 1.000               | 2.000         | 1.000         | 1.000         | 1.000         | 1.000         | 6.000          | 1.200         |
| tækjakaup og -leiga                      | kaupleiga pr mán      | 400                    | 400                 | 4.800         | 4.800         | 4.800         | 4.800         | 4.800         | 24.000         | 4.800         |
| aðkeypt ráðgjöf,                         | á ári                 | 1.500                  | 1.500               | 1.500         | 1.500         | 1.500         | 1.500         | 1.500         | 7.500          | 1.500         |
| annað og óvænt                           | á ári                 | 500                    | 500                 | 500           | 500           | 500           | 500           | 500           | 2.500          | 500           |
| hiti og rafmagn                          | á mánuði              | 100                    | 150                 | 1.200         | 1.800         | 1.800         | 1.800         | 1.800         | 8.400          | 1.680         |
| annar leigukostn.                        | á mánuði              | 150                    | 300                 | 1.800         | 3.600         | 3.600         | 3.600         | 3.600         | 16.200         | 3.240         |
| <b>Gjöld samtals</b>                     |                       |                        |                     | <b>34.000</b> | <b>54.600</b> | <b>54.600</b> | <b>54.600</b> | <b>54.600</b> | <b>252.400</b> | <b>50.480</b> |
| <b>Tekjur</b>                            |                       |                        |                     |               |               |               |               |               |                |               |
| útleiga til frumkvöðla                   |                       |                        |                     |               |               |               |               |               |                |               |
| og fyrirtækja                            | á mánuði              | 150                    | 150                 | 1.800         | 1.800         | 1.800         | 1.800         | 1.800         | 9.000          | 1.800         |
| og fyrirtækja                            |                       |                        |                     |               |               |               |               |               |                |               |
| ráðgjöf                                  | á mánuði              | 500                    | 750                 | 6.000         | 9.000         | 9.000         | 9.000         | 9.000         | 42.000         | 8.400         |
| kennsla                                  | á ári                 |                        |                     | 3.000         | 6.000         | 6.000         | 6.000         | 6.000         | 27.000         | 5.400         |
| fyrirlestrar                             | á ári                 |                        |                     | 1.000         | 1.500         | 2.000         | 2.000         | 2.000         | 8.500          | 1.700         |
| leigð rannsóknaraðst.                    | á ári                 |                        |                     | 1.000         | 1.000         | 1.000         | 1.000         | 1.000         | 5.000          | 1.000         |
| vöktun á lífríki                         | á ári                 |                        |                     |               | 10.000        | 10.000        | 10.000        | 10.000        | 40.000         | 8.000         |
| seldar afurðir                           |                       |                        |                     |               |               |               |               |               |                |               |
| Fjárlög                                  | á ári                 | 15.000                 | 15.000              | 15.000        | 15.000        | 15.000        | 15.000        | 15.000        | 75.000         | 15.000        |
| <b>Tekjur samtals</b>                    | <b>Samtals tekjur</b> |                        |                     | <b>35.800</b> | <b>54.300</b> | <b>54.800</b> | <b>54.800</b> | <b>54.800</b> | <b>254.500</b> | <b>50.900</b> |
| <b>Mismunur á tekjum og gjöldum</b>      |                       |                        |                     | <b>1.800</b>  | <b>- 300</b>  | <b>200</b>    | <b>200</b>    | <b>200</b>    | <b>2.100</b>   | <b>420</b>    |

Það er ósk aðstandenda fyrirtækisins að Íslenska ríkið taki þátt í rekstri félagsins með 15 millj kr árlegu framlagi. Það er sú upphæð sem talin er geta staðið undir launum eins starfsmanns á ári.

Fyrir hönd stjórnar Þörungamiðstöðvar Íslands



Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstj.

form. stjórnar



Finnur Árnason, framkv. stj. Þörungaverksmiðjunnar

meðstjórnandi